

(Næsta bréf að framan).

1870.

12. oktbr.

Um leið og vèr birtum yður þetta, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar, skal því við bætt útaf bréfi yðar 12. ágúst þ. á., að stjórnarráðið fellst á, að þér með samþykki hlutaðeiganda héraðslæknis hafið sett kandidat í læknisfræði Ólaf Sigvaldason til að gegna embættisstörfum þeim, sem hvíla á héraðslækninum í allri Strandasýslu og þeim sex hreppum í Barðastrandarsýslu, sem hér eru taldir, sem eru: Geiradalshreppur, Reykhólasveit, Gufudalssveit, Múlahreppur, Flateyjarhreppur og Barðastrandarhreppur.

91. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um linun í jarðarafgjaldi.

13. oktbr.

Í bréfi 15. ágúst þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að jörðin Slýjar, sem er ein af jörðum Kirkjubæjar klausturs, eyðist meir og meir af sandfoki, eins og sjá má af skoðunargjörð, sem fylgir með bréfi yðar, og hafið þér stungið uppá, að linun sú í landskulda greiðslu, sem veitt var þeim tveimur ábúendum á jörðunni með bréfi stjórnarráðsins 6. janúar 1868 um 3 ár til fardaga 1870, 40 álnir á ári, megi haldast við til fardaga 1873, þannig, að afgjaldið ennfremur verði lækkað um 10 álnir á ári, það er að segja: alls um 50 álnir, 25 álnir fyrir hvorn um sig, reiknað eins og hingað til, þannig að hver alin í hálfu afgjaldinu verði metin á 8 sk., en hinn helmingurinn talinn eptir meðalverði allra meðalverða, eptir því sem í verðlagsskránni stendur.

Útaf þessu skal það hère með kunngjört yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið eptir atvikum fellst á uppástungu yðar.